



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Norðurlands  
eystra

Borgum v/Norðurslóð  
600 Akureyri

(354) 570 13 15  
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

**Sædis Gunnarsdóttir**  
Minjavörður Norðurlands  
eystra  
saedis@minjastofnun.is

Íris Stefánsdóttir  
Skipulag- og tækifulltrúi  
Fjallabyggð  
Gránugötu 24  
580 Siglufirði

Akureyri, 25. september 2023  
MÍ202308-0096/ 6.09 / S.G.

## Saurbæjarháls Fjallabyggð umsögn Minjastofnunar um Aðal- og deiliskipulag.

Með tilkynningu í gegnum Skipulagsgátt þann 11 ágúst 2023 óskaði Fjallabyggð eftir umsögn Minjastofnunar um breytingar á aðalskipulagi Fjallabyggðar og nýtt deiliskipulag á Saurbæjarási. Uppdráttur að breytingu á aðalskipulagi var dagsettur 28. apríl en deiliskipulagsuppdrátturinn þann 6. júní 2023.

Minjastofnun skrifaði umsögn um skipulagslýsingu vegna sama svæðis, dagsett þann 16. mars 2023, (MÍ202303-0046/ 6.09 / S.G.) þar sem farið var frammá uppfærslu á fornleifaskráningu innan svæðisins. Sú skráning hefur nú verið unnin sjá *Saurbæjarás við Siglufjörð, fornleifaskráning vegna deiliskipulags*. Ásta Hermannsdóttir Byggðasafn Skagfirðinga 2023/268. Alls voru skráðar 15 fornleifar á svæðinu öllu.

Minjastofnun hefur engar athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi.

Hér á eftir fara athugasemdir stofnunarinnar við deiliskipulagið:

Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar “má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [fornleifar] nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Einnig stendur í 22. grein sömu laga að „...friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ... njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.“

Minjastofnun fer frammá að afmörkun kirkjugarðsins (áfanga 1) þar sem tóftir Saurbær 3001-1 og Saurbær 3001-2 eru skráðar verði breytt þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar langt innan við 15 metra friðhelgi minjanna.

Minjastofnun minnir á að 15 metra friðhelgi minjanna nær bæði yfir göngustíga og gróðursett skjólbelti og gæta þarf þess að gróðursetja utan þeirra marka.

Einnig þarf að laga kafla um fornleifar í greinargerð skipulagsins og bæta við upplýsingum um skráðar minjar innan svæðisins.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir  
Minjavörður Norðurlands eystra